

FRÁSÖGN*af fundi þingmannanefndar um norðurskautsmál í Washington 13. mars 2015*

Af hálfu Íslandsdeildar þingmannanefndar um norðurskautsmál sótti fundinn Líneik Anna Sævarsdóttir, varaformaður, auk Örnú Gerður Bang ritara. Helstu mál á dagskrá voru áhersluatriði formennsku Bandaríkjanna í Norðurskautsráðinu, norðurslóðastefna Bandaríkjanna, viðhorf Alaska til formennskuáætlunar Bandaríkjanna í Norðurskautsráðinu og hlutverk þeirra. Lisa Murkowski, öldungardeildarþingmaður frá Alaska var gestgjafi fundarins og bauð fundargesti velkomna til Washington. Formaður þingmannanefndarinnar, Eirik Sivertsen frá Noregi, stýrði fundinum.

Fyrsta mál á dagskrá var kynning Robert Papp, aðmírals og sérstaks sendifulltrúa Bandaríkjanna um málefni norðurslóða sem skipaður var af John Kerry, utanríkisráðherra seinni hluta síðasta árs. Hann greindi frá því að drög að formennskuáætlun Bandaríkjanna í Norðurskautsráðinu hafðu verið kynnt í október 2014 á fundi æðstu embættismanna aðildarríkjanna í Yellowknife, Kanada. Síðan þá hafi aðildarríkin komið með tillögur að viðbótum við áætlunina. Jafnframt hefur Papp ferðast til aðildarríkjanna og hitt stjórnvöld og hagsmunaaðila um málefni norðurslóða og safnað frekari upplýsingum. Í nýjustu drögum áætlunarinnar eru eftirfarandi þrjú meginþemu í forgrunni; öryggismál á sjó, bætt efnahags- og lífsskilyrði á norðurslóðum auk umhverfismála og hvernig takast eigi á við áhrif loftslagsbreytinga. Papp sagðist vilja sjá öflugra Norðurskautsráð í framtíðinni, sterkari og virkari stofnun sem tekst á við þau viðfangsefni sem hún stendur fyrir. Þá vill hann halda áfram því sem hefur verið gert vel en jafnframt gera ráðið framsýnna og djarfara, setja skýr og mælanleg markmið.

Enn fremur sagði Papp að skipta megi norðurslóðum í þrennt. Í fyrsta lagi væri það þróaði hlutinn sem hefði búið við opið haf í mörg hundruð ár. Þetta væru m.a. Ísland og Noregur. Þessar þjóðir hefðu ríka reynslu af fiskveiðum, stjórnun, leitar- og björgunarstörfum og fleiru sem fylgdi því að búa við erfiðar aðstæður. Í öðru lagi væri það sá hluti er tilheyrði Bandaríkjunum (Alaska) og Kanada. Sá hluti hefði þar til nýlega verið umlukinn ís. Þróunarstig þar er ekki jafnhátt og þar eru engir varanlegir innviðir til staðar. Þriðji hlutinn tilheyrði svo Rússlandi og væri að mörgu leyti svipaður og sá bandaríski nema að því leyti að hann opnaðist fyrir og væri í þróun. Þá tók Papp það skýrt fram að þó stirt hefði verið milli Bandaríkjanna og Rússlands undanfarið vegna ástandsins í Úkraínu þá hefðu þær deilur ekki áhrif á samstarfið innan Norðurskautsráðsins.

Næstur tók til máls Craig Fleener, sérstakur ráðgjafi varðandi norðurslóðastefnu í Alaskafylki. Hann kynnti áhersluatriði og sýn íbúa Alaska á formennskuáætlun Bandaríkjanna í Norðurskautsráðinu og svaraði spurningum nefndarmanna. Hann áréttaði mikilvægt hlutverk Alaska við stefnumótun um norðurskautsmál í Bandaríkjunum og við undirbúning formennskuáætlunarinnar. Stjórnvöld í Bandaríkjunum ættu klárlega að leggja meiri áherslu á Alaska og beina sjónum sínum í auknum mæli að svæðinu og þörfum þess. Þau áhersluatriði sem brýnast væri að takast á við væru innviðir samfélagsins, fæðuöryggi íbúanna og varðveisla og viðurkenning arftekinnar þekkingar í Alaska. Þá væri mikilvægt að finna leiðir til að gera sjóði og fjármagn aðgengilegra fyrir svæðið. Jafnframt væru orkumálin afar erfið í Alaska og finna þyrfti lausn á þeim háa kostnaði sem hamlaði íbúum og skerti lífsgæði þeirra. Íbúar Alaska væru opnir fyrir nýjum tækifærum varðandi viðskipti og atvinnurekstur og orkumálin væru þar í brennidepli. Að lokum ræddi Fleener um fólksflotta af svæðinu og lýsti yfir áhyggjum af þeirri þróun að menntað fólk snéri ekki til baka til heimabyggða eftir að hafa lokið námi í öðrum ríkjum og stærri borgum. Ástæða þess væri fyrst og fremst hár kostnaður við framfærslu og það bæri að skoða sérstaklega og leyta lausna.

Næsta mál á dagskrá var kynning á starfsemi Skrifstofu um ábyrgð ríkisstjórna (*the Governmental Accountability Offices (GAO)*) í Danmörku, Noregi, Svíþjóð, Rússlandi og Bandaríkjunum. Skrifstofurnar hafa unnið skýrslur um það hvernig starfsemi Norðurskautsráðsins er skipulagt í viðkomandi aðildarríkjum og með hvaða hætti ákvörðunum ráðsins er framfylgt auk ábendinga um skilvirkari leiðir til að fylgja þeim. Skrifstofur Finnlands og Kanada voru áheyrnaraðilar að þessu verkefni.

Þá ávörpuðu nefndarmenn í bréfi núverandi formann Norðurskautsráðsins, Leona Aglukkaq, frá Kanada og verðandi formann ráðsins, John Kerry frá Bandaríkjunum. Í bréfinu áréttuðu nefndarmenn helstu áhersluatriði ráðstefnuyfirlýsingar elleftu ráðstefnu þingmannanefndar um norðurskautsmál (CPAR) sem haldin var í Whitehore 9.-11. september 2014. Samstarf um sjálfbæra þróun innviðis á norðurslóðum og mikilvægi þess að auðvelda þátttöku fastafulltrúa (*permanent participants*) í Norðurskautsráðinu voru á meðal áhersluatriða.

Að lokum var starfsemi þingmannanefndarinnar og málefni norðurskautsins innan einstakra aðildarríkja hennar rædd. Formaður Vestnorræna ráðsins, Bill Justinussen frá Færeyjum, sagði ráðið sjá möguleika á auknu svæðisbundnu samstarfi í efnahagsmálum milli Vestur-Norðurlanda og norðurskautsvæðissins. Hann sagði Vestnorrænaráðið vera að vinna að tillögum þess efnis sem kynntar verða á 30 ára afmælisársfundi ráðsins í ágúst nk. Þá greindi Justinussen frá því að síðar í mánuðinum muni Vestnorræna ráðið eiga fund í Evrópuþinginu til að ræða bann Evrópusambandsins við sölu á selaafurðum og áhrif þess á afkomu inuíta, þrátt fyrir undanþágu á afurðum þeirra. Á þeim fundi mun Vestnorrænaráðið vísa til ráðstefnuyfirlýsingar CPAR frá Whitehorse 2014 þar sem réttur íbúa norðurslóða til að nýta auðlindir sínar á sjálfbæran hátt er áréttaður. Jafnframt var Guy Lindström, ritara finnsku landsdeildarinnar um árabil og fyrrum framkvæmdastjóra þingmannanefndarinnar, þakkað fyrir störf í þágu nefndarinnar en hann lætur af störfum vegna aldurs. Lindström hefur starfað með nefndinni frá upphafi og býr yfir ómetanlegri reynslu og þekkingu á málefnum hennar.

Þá greindi Líneik Anna Sævarsdóttir frá skipulagningu fjórðu ráðstefnu þingmanna hinnar norðlægu víddar sem haldin verður í Hörpu 10.-11. maí nk. og bauð nefndarmenn velkomna til þátttöku. Þingmannaráðstefna um norðlægu vídd er haldin annað hvert ár af Evrópuþinginu og þjóðþingum Rússlands, Noregs og Íslands til skiptins. Fyrsti fundurinn var haldinn af Evrópuþinginu í Brussel 2009 og samstarfið því ferkar ungt að árum. Þingmannafundurinn var ekki hugsaður sem ný stofnun heldur sem vettvangur fyrir þingmenn til að hittast og ræða hina norðlægu vídd og þróa hana enn frekar m.a. með því að leggja aukna áherslu á orkumál, loftslagsbreytingar og norðurskautssvæðið. Meginþemu ráðstefnunnar í Reykjavík verða ógnir og tækifæri varðandi umhverfisvæna orku, sjálfbær nýting sjávarspendýra á norðurslóðum og félags- og jafnréttismál. Nefndarmönnum hafa verið sendar upplýsingar varðandi ráðstefnuna og drög að dagskrá. Jafnframt bauð Líneik nefndarmenn velkomna til næsta fundar þingmannanefndarinnar sem haldinn verður í Hörpu í Reykjavík 12. maí 2015.

Frekari upplýsingar má nálgast hjá ritara Íslandsdeildar og á vefsvæðinu www.arcticparl.org.
